

Í öllum deildum:

Verði lið jöfn að stigum í riðli/deild raðast þau samkvæmt eftirfarandi, sbr. mótareglur KSÍ:

1) Markamismunur. 2) Fjöldi skoraðra marka. 3) Innbyrðis leikur.

Dömudeild og Ljónynjudeild – 12 lið (10+2) – 6-7 leikir á hvert lið

Spilað er í tveimur riðlum. Tvö efstu liðin úr hvorum riðli fara í undanúrslit. Dömudeildarliðin í 3.-5. sæti riðlanna spila við lið í sama sæti hins riðilsins. Tvö lið úr Ljónynjudeild, *AFK og Drottningar*, spila í Dömudeildinni, hvort í sínum riðli, en mætast síðan í úrslitaleik um sigur í Ljónynjudeildinni. Leikir liða úr Dömudeildinni gegn liðum í Ljónynjudeildinni **telja ekki með** í stigakeppni eða markatölu riðilsins.

Skvísudeild – 11 lið – 5-8 leikir á hvert lið

Tveir riðlar, fimm lið í öðrum, sex í hinum. Fjögur lið úr hvorum riðli fara í átta liða úrslit. Hin þrjú mætast í aukakeppni 2. Tapliðin í 8 liða úrslitum fara einnig í aukakeppni 1.

Öðlingadeild – 6 lið – 6 leikir á hvert lið

Liðin spila innbyrðis í einni deild, allir við alla. Að því loknu leika liðin í 1. og 2. sæti úrslitaleik um gullið, liðin í 3. og 4. sæti um bronsið og liðin í 5. og 6. sæti mætast.

Lávarðadeild – 6 lið – 6 leikir á hvert lið

Liðin spila innbyrðis í einni deild, allir við alla. Að því loknu spila liðin í 1. og 2. sæti úrslitaleik um gullið, liðin í 3. og 4. sæti um bronsið og liðin í 5. og 6. sæti mætast.

Jarladeild – 9 lið – 5-7 leikir á hvert lið

Tveir riðlar, fimm lið í öðrum, fjögur í hinum. Liðin í neðsta sæti í hvorum riðli leika um það hvort fer í átta liða úrslit. Tapliðið í þeim leik og tapliðin í átta liða úrslitum fara í aukakeppni. Athugið að það er ekki skylda fyrir lið að fara í þessar aukakeppni.

Polladeild – 21 lið – 5-9 leikir á hvert lið

Fjórir riðlar, fimm lið í þremur riðlum, sex lið í einum. Fjögur efstu úr hverjum riðli fara í 16 liða úrslit. Liðin fimm sem ekki komast upp úr riðlinum spila aukakeppni. Liðin sem falla út í 16 liða úrslitum spila aukakeppni. Athugið að það er ekki skylda fyrir lið að fara í þessar aukakeppni.